

### Fundargerð samráðsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB

Fjarfundur var haldinn í samráðsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB þann 14. júní 2023.

Fulltrúar BSRB voru: Guðmundur Freyr Sveinsson, Arna Jakobína Björnsdóttir og Marta Ólöf Jónsdóttir.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Berglind Eva Ólafsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

#### Petta gerðist:

#### 1. Samkomulag um viðbótarlaun á einstök starfsheiti í leikskólum og heimaþjónustu

Í kjarasamningi aðila sem undirritaður var þann 10. júní 2023 er eftirfarandi niðurlag í fylgiskjali 5 um viðbótarlaun á einstök starfsheiti:

*Við aðlögun viðbótarlauna á einstök starfsheiti skal horfa til sömu viðmiða og gilda í samningi Reykjavíkurborgar við Eflingu stétttarfélag. Viðbótarlaun á einstök starfsheiti í leikskólum og heimaþjónustu taka gildi frá 1. október 2023. Samstarfsnefnd aðila er falið að útfæra viðbótarlaunin og þær reglur sem um þau gilda í samstarfi við Verkefnastofu starfsmats / Jafnlaunastofu. Ljúka skal þeirri vinnu í síðasta lagi kl. 12:00 miðvikudaginn 14. júní 2023. Taflan hér að ofan breytist þá að breyttu breytanda og skal sú niðurstaða vera staðfest í samstarfsnefnd aðila.*

#### Niðurstaða:

Samráðsnefnd aðila er sammála um eftirfarandi um eftirfarandi útfærslu viðbótarlauna á einstök starfsheiti samkvæmt fylgiskjali 5.

#### Samkomulag um viðbótarlaun á einstök starfsheiti í leikskólum og heimaþjónustu

Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB um viðbótarlaun sem gildir frá 1. október 2023.

Aðilar eru sammála um eftirfarandi fjárhæðir vegna viðbótarlauna starfsfólks leikskóla og í heimaþjónustu:

#### Starfsfólk í leikskóla

<u>Starfsmaður/leiðbeinandi leikskóla</u>	39.270
Starfsmaður í leikskóla með stuðningi 1	39.270
Starfsmaður í leikskóla með stuðningi 2	45.360
<u>Leikskólaliði</u>	45.360
<u>Deildarstjóri 1 og 2 á leikskóla</u>	51.450

Viðbótarlaunin greiðast eingöngu starfsfólki í föstu starfhlutfalli í dagvinnu sem ekki hefur yfirráð yfir matar- og kaffitímum og matast með börnum.

Greiðslan er föst mánaðarleg fjárhæð miðað við starfshlutfall og tekur ekki hækkunum á samningstímanum. Orlofslaun teljast innifalin í ofangreindum fjárhæðum. Greiðslur skv. ofangreindu falla niður í lok samningstímans, þann 31. mars 2024, án frekari fyrirvara, en þó þannig að greiðslur haldast í samræmi við framkvæmd þar til gengið hefur verið frá nýjum kjarasamningi milli aðila.

Persónuálag samkvæmt gr. 10.2.1, gr. 10.2.3 og gr. 10.2.4 getur að hámarki orðið 6%.

Velji starfsmaður sem fær greitt persónuálag skv. gr. 10.2.5 að fá ofangreind viðbótarlaun, falla niður greiðslur samkvæmt gr. 10.2.5.

Áður en til greiðslu viðbótarlauna kemur skal starfsfólk sem notið hefur fastra greiðslna s.s. yfirvinnu vegna ótekinna matar- og kaffitíma, skrifa undir yfirlýsingu um afsal þeirra eða sveitarfélag/launagreiðandi hafa sagt þeim upp.

Fái starfsheiti endurmat/endurskoðun til breytingar á stigaröðun í starfsmati mun samstarfsnefnd aðila taka upphæðir viðbótarlauna til endurskoðunar.

### Starfsfólk í heimabjónustu

Heimabjónusta 1, 2 og 3	49.560
Félaggliði í heimabjónustu 1	54.390
Félaggliði í heimabjónustu 2 (með flokkstjórn)	60.480

Viðbótarlaunin greiðast eingöngu starfsfólki í föstu starfshlutfalli í dagvinnu sem ekki hefur yfirráð yfir matar- og kaffitímum.

Greiðslan er föst mánaðarleg fjárhæð miðað við starfshlutfall og tekur ekki hækkunum á samningstímanum. Orlofslaun teljast innifalin í ofangreindum fjárhæðum. Greiðslur skv. ofangreindu falla niður í lok samningstímans, þann 31. mars 2024, án frekari fyrirvara, en þó þannig að greiðslur haldast í samræmi við framkvæmd þar til gengið hefur verið frá nýjum kjarasamningi milli aðila.

Persónuálag samkvæmt gr. 10.2.1, gr. 10.2.3 og gr. 10.2.4 getur að hámarki orðið 6%.

Velji starfsmaður sem fær greitt persónuálag skv. gr. 10.2.5 að fá ofangreind viðbótarlaun, falla niður greiðslur samkvæmt gr. 10.2.5.

Áður en til greiðslu viðbótarlauna kemur skal starfsfólk sem notið hefur fastra greiðslna s.s. yfirvinnu vegna ótekinna matar- og kaffitíma, skrifa undir yfirlýsingu um afsal þeirra eða sveitarfélag/launagreiðandi hafa sagt þeim upp.

Fái starfsheiti endurmat/endurskoðun til breytingar á stigaröðun í starfsmati mun samstarfsnefnd aðila taka upphæðir viðbótarlauna til endurskoðunar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.